

REGLUGERÐ

um gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

1. gr.

Greiða skal frá og með 1. apríl til og með 30. júní 1988 sérstakt gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað. Flytji skip eigin afla á erlendan markað er sá afli undanþeginn gjaldi þessu. Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar hvað telst óunninn afli. Gjaldið rennur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Gjaldið skal vera sem hér segir:

	Aurar af hverju kílógrammi Slægður með haus	Aurar af hverju kílógrammi Slægður og hauseður
Porskur	80	100
Ufsi	20	25

2. gr.

Upplýsingar útflytjenda um magn einstakra fisktegunda og heildarmagn skulu tilgreindar í útflutningsleyfi.

Jafnframt skal fram koma í útflutningsleyfi í hvaða banka gjaldeyrisskil fari fram vegna útflutnings.

3. gr.

Utanríkisráðuneytið sendir hlutaðeigandi viðskiptabanka útflytjanda, sbr. 2. mgr. 2. gr., afrit af útflutningsleyfi og innheimtir bankinn gjald á grundvelli upplýsinga samkvæmt 1. mgr. 2. gr. af fyrstu gjaldeyrisskilum sem bankanum berast vegna útflutningsins.

Lokaskil fara fram þegar bankanum berast endanlegar magntölur vegna útflutningsins.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 13, 17. mars 1988, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 598, 28. desember 1987.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. mars 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Gylfi Gautur Pétursson.

B 27